



10. stjórnarfundur LH 24. apríl 2017 kl. 20:00 Skypefundur

Mættir úr aðalstjórn: Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Eyþór Jón Gíslason, Haukur Baldvinsson og Ólafur Þórisson úr aðalstjórn.

Mættir úr varastjórn: Sóley Margeirsdóttir og Magnús Benediktsson.

Fjarverandi: Lárus Ástmar Hannesson formaður og Andrea M. Þorvaldsdóttir úr aðalstjórn, S. Rúnar Bragason, Stefán G. Ármannsson og Ingimar Ingimarsson úr varastjórn.

1. Fundargerð

Vísað til næsta stjórnarfundar.

2. Hestadagar

Helga og Jóna Dís í undirbúningsnefnd ásamt Hildu Karen, Þorvarði Helgasyni og Jelenu Ohm frá Íslandsstofu. Allur undirbúningur gengur vel. Dagskráin verður m.a. á þessa leið:

29. apríl Hólanemar verða með kennslusýningu í gæðingafimi fyrir hádegi og sýningin Æskan og Hesturinn eftir hádegi.

30. apríl Miðbæjarreiðin, Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu mun flytja ræðu við Hallgrímskirkju ásamt því að Stormsveitin mun flytja nokkur lög. Hvetja þarf félögin til að taka virkan þátt í reiðinni.

1.maí Dagur íslenska hestsins á heimsvísu með þátttöku margra hestamannafélaga á landinu. Höfum einnig heyrt að viðburðir verða víða erlendis hjá Íslandshestafélögum.

3. Heimsóknir stjórnar

Nokkrir stjórnarmenn komu fram á Stórsýningu sunnlenskra hestamanna í Rangárhöllinni.

4. Þeir allra sterkustu

Mótið gekk vel fjárhagslega séð. Fara þarf yfir ýmis atriði hvað var gott og hvað má betur fara. Enn eru til nokkrir folatollar í Stóðhestaveislunni sem HB mun auglýsa til sölu. Þökkum öllum þeim sem unnið að undirbúningi mótsins; Helgu fyrir vinnu sína á skrifstofu LH í Dymbilvikunni og Hildu fyrir mikla vinnu og góð störf í tengslum við mótið.

5. Svar til Þorleifs Sigfússonar

LÁH samdi svar og sendi á stjórnarmenn til yfirlstrar. Bréfið verður sent Þorleifi.

6. Svar til Léttisfélaga varðandi rekstrar á félagssvæðinu

LÁH samdi svar og sendi á stjórnarmenn til yfirlstrar. Bréfið verður sent fyrirspyrjanda.

7. Erindi frá foreldrum keppenda Meistaradeild Æskunnar

Bréf barst frá foreldrum keppenda vegna atvika sem upp komu í deildinni. Þeim verður svarað.

8. Mótun menntakerfis LH/þjálfaramenntun.



Sveinn Ragnarsson deildarstjóri hestabrautar á Hólum hefur í samráði við Viðar Sigurjónsson fræðslustjóra ÍSí unnið að skipulagi á þjálfarastigum ÍSí fyrir LH. Tillögunni vísað til menntanefndar LH til umfjöllunar.

9. Auglýst eftir starfsmanni

Auglýst var eftir starfsmanni á skrifstofu og hafa nokkrir sótt um, en umsóknarfrestur er til 30. apríl. Málið verður áfram í höndum LÁH, HBH og JDB.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 20.45.
Fundargerð rituðu Sóley Margeirsdóttir og Helga B. Helgadóttir*